

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 11. september 2015 kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómhúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gyldadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sveinn Pálsson og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur og Bergi Sigurjónssyni.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hún velkominn Svein Pálsson, sveitarstjóra í Búðardal sem sat fundinn í fjarveru Sigríðar Huldar Jónsdóttur. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ FRÁ 22. JÚNÍ 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 22. júní sl. sem var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2016

Fyrstu drög á grundvelli frumvarps til fjárlaga

Lögð voru fram til kynningar fyrstu drög að greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2016. Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að lögbundna framlagið frá ríki er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs nemi samtals 13.281 m.kr. en lögbundna framlagið, sem nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars næstliðins árs 3.092 m.kr. Sérstök viðbótarframlög frá ríki vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum og sérstökum húsaleigubótum nema samtals 3.068 m.kr. Þar af eru 1.668 m.kr. vegna samkomulags um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 og 1.400 m.kr. vegna aðlögunar að nýju húsnæðisbótakerfi.

Áætlað er að 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu grunnskólans nemi 9.017 m.kr. á árinu og 0,99% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks nemi 12.060 m.kr. Áætlað er að framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna eflingar tónlistarfræðslu nemi 520 m.kr. Áætlaðar hreinar vaxtatekjur sjóðsins á árinu nema um 122 m.kr. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins á árinu 2016 nema því samtals 41.160 m.kr.

Hvað gjaldahliðina varðar þá er áætlað að fjármunum samtals að fjárhæð 40.604 m.kr. verði varið á grundvelli laga- og reglugerðarákvæða til hinna ýmsu framlaga sjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður nemur samtals um 110 m.kr. Að teknu tilliti til áætlunar um óráðstafaða fjármuni að fjárhæð 446 m.kr. nema áætluð heildargjöld sjóðsins 41.160 m.kr. á árinu 2016. Ekki verður endanlega gengið frá ráðstöfun tekna til hinna ýmsu framlaga sjóðsins fyrr en fyrir liggja ítarlegri upplýsingar um tekjur sjóðsins af sérstökum bankaskatti sem er meðtalinn í lögbundna framlaginu frá ríki er nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að fyrstu drög að tekjuhlið greiðslu- og rekstraráætlunar Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2016 væru samþykkt.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2015

Gerð var grein fyrir endurskoðaðri greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins á árinu 2015 að teknu tilliti til endurmats á fjárþörf í einstaka liði í gjaldahlið hennar. Áætlunin verður tekin til frekari skoðunar þegar fjáráaukalgög ársins liggja fyrir.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Á grundvelli 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971 og ákvæða í c-lið 6. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010, ber Jöfnunarsjóði að greiða til stofnunarinnar

Það sem á vantar til að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar ríkisins vegna greiddra meðlaga. Framlag Jöfnunarsjóðs á einnig að ná til rekstrarkostnaðar stofnunarinnar.

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir þróun framlaga sjóðsins til Innheimtustofnunar sveitarfélaga frá árinu 1990 að teknu tilliti til þess hluta af lögbundnum framlögum hans sem standa að baki verkefninu.

Fram kom að innheimta undanfarinna ára hefði batnað verulega vegna hertra innheimtuaðgerða og heimildar til samninga við skuldara stofnunarinnar. Rúmlega 14.000 m.kr. eru nú bundnar í innheimtukerfinu.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að óskað væri eftir því að forstjóri Innheimtustofnunarinnar væri boðaður á fund nefndarinnar í október nk. til að fara yfir ýmsar tölulegar upplýsingar úr gagnagrunni stofnunarinnar.

Fram kom að á Ársfundi Jöfnunarsjóðs, sem haldinn verður 23. september nk., yrði fjallað um mögulega breytingu á rekstrarformi stofnunarinnar á grundvelli tillagna starfshóps sem annaðist heildarendurskoðun á gildandi laga- og reglugerðarákvæðum um sjóðinn á árunum 2009 og 2010.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIÐLEIKA SVEITARFÉLAGA

Umsagnir Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Umsóknir um framlög vegna fjárhagserfiðleika á grundvelli b-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010 höfðu borist frá eftirfarandi sveitarfélögum: Hafnarfjarðarkaupstað, sbr. erindi dags. 23. mars 2015, Borgarbyggð, sbr. erindi, dags. 31. maí 2015 og Stykkishólmsbæ, sbr. erindi dags. 19. maí 2015.

Á grundvelli ákvæða í b-lið 7. gr. reglugerðarinnar hafði verið leitað umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um umsóknir sveitarfélaganna og voru umsagnir nefndarinnar lagðar fram til umfjöllunar og afgreiðslu á fundinum.

Niðurstaða Eftirlitsnefndarinnar var sú sama hvað öll sveitarfélögin varðar þ.e. að ekki séu forsendur til þess að mæla með framlagi úr Jöfnunarsjóði vegna sérstakra fjárhagserfiðleika sveitarfélaganna í tengslum við kostnað á úttekt á rekstri þeirra.

Í b-lið 7. gr. reglugerðarinnar kemur fram að framlögum vegna fjárhagserfiðleika skuli úthlutað til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 75. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, í samræmi við tillögur Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Á fundinum ræddi ráðgjafarnefndin um eðli framlaga sjóðsins vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga, hlutverk Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þar að lútandi.

Að umfjöllun lokinni og að teknu tilliti til ákvæða b-liðar 7. gr. og umsagnar Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að umsóknum sveitarfélaganna væri hafnað.

FRAMLÖG VEGNA SAMSTARFSVERKEFNA ER TENGJAST SÓKNARÁÆTLUN LANDSHLUTA

Eins og fram kom á fundi ráðgjafarnefndar 22. júní sl. eru til ráðstöfunar hjá sjóðnum 25,0 m.kr. á árinu 2015 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna hvað framkvæmd þeirra samstarfsverkefna varðar sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um. Verkefni tengjast sóknaráætlun landshluta og varða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna. Framlögum er úthlutað á grundvelli sérstakra verkefna, skv. f-lið 7 gr., sbr. 11. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010.

Á árunum 2012, 2013 og 2014 voru einnig til ráðstöfunar 25 m.kr. á ári til verkefnisins og voru úthlutunareglur eftirfarandi:

- 6,0 m.kr. var dreift á grundvelli stærðar svæðis
- 7,0 m.kr. var dreift á grundvelli vegalengda til Reykjavíkur
- 12,0 m.kr. var dreift á grundvelli verkefnavinnu

Á fundinum 22. júní sl. samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að um sömu úthlutunarreglur væri að ræða á árinu 2015 og undanfarin ár og yrði samþykkt framlag greitt til landshlutasamtakanna með tveimur greiðslum og tæki fyrri greiðslan mið af 1,5 m.kr. vegna verkefnavinnu en sú seinni tæki mið af stærð svæðis og vegalengda til Reykjavíkur.

Með bréfi til landshlutasamtakanna, dags. 1. júní 2015, var óskað eftir stuttri greinargerð frá samtökunum um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið er að á árinu 2015, ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun þar að lútandi. Greinargerðir frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum höfðu borist fyrir fund ráðgjafarnefndar 22. júní 2015 og voru teknar til umfjöllunar og afgreiðslu á þeim fundi.

Greinargerðir höfðu nú borist frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og voru teknar til umfjöllunar og afgreiðslu á fundinum.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að fyrri greiðsla framlagsins færi fram til þeirra samtaka sveitarfélaga er hefðu gert skil á umbeðnum greinargerðum. Seinni greiðslan yrði innt af hendi í nóvember.

ÍÞYNGJANDI KOSTNAÐUR VIÐ SNJÓMOKSTUR Á ÁRINU 2014

Bolungarvíkurkaupstaður

Á fundi ráðgjafarnefndar í apríl sl. var lagt fram til kynningar erindi Bolungarvíkurkaupstaðar frá 1. apríl 2015, þar sem óskað er eftir sérstöku framlagi vegna verulega íþyngjandi kostnaðar við snjómokstur í þéttbýli sveitarfélagsins á árinu 2014 í samanburði við fyrri ár. Vísað er þar að lútandi til ákvæða í b-lið, 1. mgr. 11. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er fjallar um framlög til sérstakra verkefna.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu erindisins væri frestað og það tekið til frekari skoðunar. Nefndin lagði jafnframt til að kannað væri hvort um verulega íþyngjandi kostnað við snjómokstur í þéttbýli á árinu 2014 gæti verið að ræða hjá fleiri sveitarfélögum á snjóþyngstu svæðum landsins.

Erindi Bolungarvíkurkaupstaðar var nú lagt fram að nýju ásamt yfirliti yfir kostnað sveitarfélaga vegna snjómoksturs í þéttbýli á snjóþyngstu svæðum landsins á árunum 2013 og 2014. Lagt var til að yfirlitið yrði unnið frekar fyrir næsta fund nefndarinnar. Afgreiðslu erindisins var því frestað á ný.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

FJÁRHAGSVANDI BYGGÐASAMLAGS VESTFJARÐA UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

Fulltrúar byggðasamlagsins funduðu með innanríkisráðherra og velferðarráðherra nú í byrjun september. Greint var frá fundinum með innanríkisráðherra og lagt fram til kynningar minnisblað, dags. 2. september 2015, sem fulltrúar Byggðasamlags Vestfjarða lögðu fyrir ráðherra.

Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir fjárhagsvanda byggðasamlagsins og fylgt eftir erindi, sem sent var innaríkisráðuneytinu þann 21. maí sl., þar sem farið er fram á að jöfnunarkerfið verði endurmetið. Einnig er í minnisblaðinu gerðar athugasemdir við vinnulag Jöfnunarsjóðs einkum hvað varðar framsetningu áætlana um úthlutanir framlaga og áhersla lögð á að áætlanir um úthlutanir næsta árs liggi fyrir áður en þjónustusvæðin fari í fjárhagsáætlanagerð fyrir næsta ár.

Ráðgjafarnefndin fjallaði um stöðu mála á Vestfjörðum og samþykkti að leggja til að óska eftir því við R-3 að fulltrúi fyrirtækisins kæmi á næsta fund nefndarinnar og færi yfir niðurstöður í skýrslu sem fyrirtækið hafði unnið í tengslum við úttekt á rekstri byggðasamlagsins. Frekari umræðu um fjárhagsvanda byggðasamlagsins var síðan frestað til fundarins 23. september

VIÐBÓTARFRAMLÖG 2015

Á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 631/2015 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2015 er heimilt að greiða sérstök viðbótarframlög til þjónustusvæða/sveitarfélaga að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga til að koma til móts við þau þjónustusvæði/sveitarfélög þar sem um verulega íþyngjandi kostnað er að ræða við málaflokkinn á árinu 2015 umfram tekjur. Við útreikning og úthlutun sérstakra viðbótarframlaga á árinu 2015 er heimilt að taka tillit til íþyngjandi kostnaðar þjónustusvæða vegna sérstakra aðstæðna svo sem vegna mikilla fjarlægða innan þjónustusvæða. Ráðgjafarnefndin setur verklagsreglur þar um að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á fundinum var rætt mikilvægi þess að viðbótarframlög ársins lögju fyrir sem fyrst og samþykkti nefndin að leggja til að undirbúningur að úthlutun þeirra hæfist strax og á næsta fundi nefndarinnar væri lögð fram hugmynd að nýjum reglum.

REGLUGERÐ UM FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2016

Á fundi ráðgjafarnefndar 29. júní sl. samþykkti nefndin að leggja til að vinna við nýja reglugerð vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 hæfist strax í september með aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á fundinum var lagt fram til kynningar minnisblað, dags. 8. september 2015, þar sem tilgreind eru þau atriði sem helst þyrfti að skoða í tengslum við setningu nýrrar reglugerðar fyrir árið 2016. Fram kom að mikilvægt væri að reglugerðin væri vel á veg komin áður en fyrsta áætlun um úthlutun framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016 væri lögð fram. Lagt var til að á næsta fundi, sem ráðgerður er 23. september, væru lagðir fram útreikningar sem sýndu áhrif 33% reglunnar svokölluðu og 80/20% skiptinguna við útreikning framlaganna.

Fram kom hjá nefndinni hvort endurskoðun reglugerðarinnar væri tímabær þar sem niðurstaða endurmats á faglegum og fjárhagslegum þáttum yfirfærslunnar lægi enn ekki fyrir og óvíst væri hvernig um myndi semjast milli ríkis og sveitarfélaga um framhaldið.

SAMKOMULAG RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA UM EFLINGU TÓNLISTARFRÆÐSLU OG TÍMABUNDNA BREYTINGU Á VERKASKIPTINGU RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA **Viðauki útrunninn**

Lagt var fram til kynningar minnisblað, dags. 10. september 2015, þar sem fram kemur að enn stæðu yfir viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um framlengingu samkomulags um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins, sem undirritað var 13. maí 2011 og framlengt hafði verið með viðauka, sem dagsettur var 5. mars 2014 og gildi til 31. desember 2015.

Á grundvelli heimildar í fjárlögum ársins 2015 að fjárhæð 520 m.kr. hafa framlög verið greidd mánaðarlega til sveitarfélaga frá áramótum vegna kennslukostnaðar þó viðauki II við samkomulagið hafi enn ekki tekið gildi.

Þann 5. október 2011 var jafnframt undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er felur í sér að sveitarfélögin skuldbinda sig á mótí til að taka að sér verkefni tímabundið sem áður voru fjármöggnuð af ríkinu. Um er að ræða verkefni samtals að fjárhæð 230 m.kr. á árinu 2015. Það samkomulag var jafnframt framlengt til 31.12.2014 og bíður nú framlengingar til 31. desember 2015.

Setning laga nr. 72/2015

Hins vegar er nú frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms orðið að lögum sem eru nr. 72/2015. Lögin veita Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimild til að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags í þeim verkefnum sem tilheyra tímabundinni breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Verkefnin eru eftirfarandi og nema samtals 230,0 m.kr. eins og áður segir.

- Tölvumiðstöð fatlaðra 8,9 m.kr.
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla 44,6 m.kr.
- Námsgagnasjóður 54,0 m.kr.
- Sumardvalarheimili í Reykjadal 29,2 m.kr.
- Vistheimilið Bjarg 63,3 m.kr.
- Lausn á bráðavanda tónlistarskóla 30,0 m.kr.

Hlutdeild hvers sveitarfélags tekur mið af íbúafjölda 1. janúar 2015.

Að tillögu ráðgjafarnefndar mun innheimta á hlutdeild hvers sveitarfélags í framangreindum verkefnum fara fram mánuðina september til desember.

LAUSN Á BRÁÐUM FJÁRHAGSVANDA TÓNLISTARSKÓLA Í REYKJAVÍK

Innanríkisráðuneytinu hafði borist afrit af erindi til mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 27. ágúst 2015, þar sem gerð er grein fyrir tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar um lausn á bráðum fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík. Erindið var lagt fram til kynningar á fundinum.

Í tillögunni er gengið út frá því að Reykjavíkurborg greiði 90 m.kr. á árinu 2015 til að leysa bráðavanda tónlistarskólanna að því gefnu að 60 m.kr. frá ríki kæmu á fjáráukalögum 2015. Auk þess sem 30 m.kr. sem aflað var með lögum nr. 72/2015, yrðu til ráðstöfunar til lausnar á bráðavanda tónlistarskólanna eða samtals 180 m.kr.

SÉRSTAKT FRAMLAG VEGNA TEKNA AF SKATTI Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Á árinu 2014 var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Annars vegar var um að ræða ákvæði um fjölgun fulltrúa í ráðgjafarnefnd úr 5 í 7 með tilkomu fulltrúa úr Reykjavíkurborg og af höfuðborgarsvæðinu og gekk sú breyting eftir.

Hins vegar var um að ræða ákvæði um að auknum tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna álagningar sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki (svonefnds bankaskatts) yrði úthlutað til sveitarfélaga í samræmi við hlutdeild þeirra í heildarútsvarsstofni til að vega á mótí þeim áhrifum sem lög um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar hafa á útsvarstekjur sveitarfélaganna. Sú breyting gekk ekki eftir og var ákvæðið talið þurfa nánari skoðunar við. Ákvæðið hefur nú verið endurskoðað og er nú horft til hlutdeildar sveitarfélaga í álögðu heildarútsvari í stað hlutdeildar þeirra í heildarútsvarsstofni.

Frumvarpið í sinni núverandi mynd var lagt fram til kynningar á fundinum.

Áætlað er að tekjur Jöfnunarsjóðs af bankaskattinum nemi 386, 6 m.kr. á árinu 2014.

ÖNNUR MÁL

Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lögð var fram til kynningar dagskrá að ársfundi sjóðsins sem haldinn verður 23. september nk. Gert er ráð fyrir einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi ásamt fleiri samstarfsaðilum sjóðsins.

Fundir á næstunni

Fram kom að föstudagurinn hentaði best til funda.

Lagt var þó til að fundir nefndarinnar í október væru sem hér segir:

- Föstudaginn 16. október kl. 12:00
- Miðvikudaginn 21. október kl. 12:00 eða
- Mánudaginn 26. október kl. 14:00

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:00.

Elín Pálsdóttir